

**LÖG**  
**um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti,**  
**með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í rétttri stafrófsröð:

- a. *Evrópugjaldskrá:* Gjaldskrá sem er ekki hærrí en samræmist hámarksgjaldi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins.
- b. *Reikisímtal í farsímaneti:* Símtal úr farsíma sem reikiviðskiptavinur hringir frá farsímaneti rekstraraðila hér á landi og lýkur í farsímaneti rekstraraðila í öðru ríki eða er móttekið af reikiviðskiptavini með upphaf í almennu símaneti í öðru ríki og lýkur í farsímaneti rekstraraðila hér á landi.

2. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji Póst- og fjarskiptastofnun í kjölfar markaðsgreiningar skv. 17. gr. að heildsöluþvæðir eða ráðstafanir varðandi forval eða fast forval muni ekki skila tilætluðum árangri við að efla virka samkeppni og tryggja hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustu er stofnuninni heimilt að leggja smásöluþvæðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Slíkar þvæðir geta m.a. falist í að leggja skyldur á fyrirtæki um þak á smásöluþvæð, kostnaðartengda gjaldskrá og kostnaðarbókhald, að verð miðist við verð á sambærilegum mörkuðum, banni við mismunun milli notenda og banni við að binda mismunandi tegundir fjarskiptaþjónustu í einn heildarpakka skaði það samkeppni.

3. gr.

35. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Hámarksverð í heild- og smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.*

Fjarskiptafyrirtæki, sem veita reikiþjónustu hér á landi, skulu sjá til þess að heild- og smásöluþvæð fyrir reikisímtal í farsímaneti, sem á sér upphaf eða lýkur innan Evrópska efnahagssvæðisins, sé ekki hærrí en hámarksverð sem þar gildir.

Samgönguráðherra setur reglugerð um reiki í almennum farsímanetum, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um eftirfarandi:

- a. Hámarksverð í heildsölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.
- b. Hámarksverð í smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.
- c. Hámarksverð fyrir SMS-, MMS-þjónustu og aðra gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum.
- d. Evrópugjaldskrá.
- e. Gagnsæi smásölu- og Evrópugjaldskrár.
- f. Viðmiðunargengi og uppgjörsaðferðir sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að nota við myntbreytingar vegna reikiþjónustu í farsímanetum.
- g. Skyldur fjarskiptafyrirtækja til þess að verða við óskum reikiviðskiptavina um skipti milli reikigjaldskráa.
- h. Upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja um viðeigandi reikigjöld.

4. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að upplýsa notendur sína um þann kostnað sem hlýst af því að hringja úr tal- og farsímaneti þeirra í net annarra fjarskiptafyrirtækja hér á landi. Slíkar upplýsingar skulu uppfærðar eins og þörf krefur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „talsímaþjónustu“ í 1. mgr. kemur: tal- og farsímaþjónustu.
- b. Í stað orðsins „talsímanetum“ í 3. másl. 5. mgr. kemur: tal- og farsímanetum.

6. gr.

Í stað orðsins „talsímaþjónustu“ í 1. másl. 39. gr. laganna kemur: tal- og farsímaþjónustu.

7. gr.

Í stað orðsins „talsímaþjónustu“ í 1. másl. 51. gr. laganna kemur: tal- og farsímaþjónustu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „almenna talsímaþjónustu“ í 1. mgr. kemur: almenna tal- og farsímaþjónustu.
- b. Í stað orðanna „almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan“ í 1. mgr. kemur: almenna tal- og farsímanetið og almenna tal- og farsímaþjónustan.
- c. Í stað orðsins „talsímanetinu“ í 2. mgr. kemur: tal- eða farsímanetum.

9. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Tal- og farsímaþjónusta.**

10. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Innflutningur einstaklinga eða lögaðila á notendabúnaði til eigin nota eða í öðrum tilgangi telst markaðssetning í þessu sambandi.

11. gr.

2. mgr. 68. gr. laganna orðast svo:

Ekki er gerð krafa um sérstaka þjálfun þeirra sem starfrækja þráðlausan búnað nema í þeim tilfellum að búnaðurinn gegni öryggishlutverki eða þegar sendiafl er umfram 100 W. Heimilt er að gefa út skírteini talstöðvavarðar sem heimilar handhafa að starfrækja fjarskipta-búnað í skipum. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útgáfu skírteinis talstöðvavarðar og hæfniskröfur í reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. september 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Kristján L. Möller.*